



Keflavík íþrótt- og ungmennafélag

641. stjórnarfundur þriðjudaginn 12. ágúst 2025 kl. 17:00.

Mætt: Björg Hafsteinsdóttir, Garðar Már Newman, Eva Björk Sveinsdóttir, Sveinbjörg Sigurðardóttir, Guðmundur Steinarsson, Jónína Steinunn Helgadóttir og Birgir Már Bragason, framkvæmdastjóri.

Fjarverandi: Stefán Guðjónsson, Garðar Örn Arnarson.

1. Fundargerð síðasta fundar

Fundargerð samþykkt.

2. Innkomin bréf

Tölvupóstur frá Helga Arnarssyni, sviðsstjóra menntasviðs, varðandi Skólamat. Skólamatur mun flytjast yfir í Holtaskóla við upphaf skóla.

3. Send bréf

Tölvupóstur sendur á Reykjanesbæ vegna skólastarfs næsta haust.

4. Fundir með stjórnsmálaflokkum sveitarfélagsins

Framkvæmdastjóri ásamt fjármála- og íþróttastjóra héldu þrjá fundi með stærstu stjórnsmálaflokkum sveitarfélagsins. Farið var yfir starf félagsins og aðstöðumál.

5. Rekstrarstjóri körfuknattleiksdeildar

Krístín Þórarinsdóttir hefur hafið störf sem nýr rekstrarstjóri körfuknattleiksdeildar. Það er von stjórnar að starfið létti vel undir með stjórnarfólki og verði til þess að deildin eigi eftir að eflast enn frekar.

6. Formannafundur

Formannafundur var haldinn fimmtudaginn 5. júní sl. og tókst mjög vel. Vel var mætt á fundinn og ýmis mál rædd.

7. Uppbygging íþróttamannvirkja

Staðan er nánast sú sama og í vor. Verið er að búa til 3 sviðsmyndir sem vonandi verða kynntar fljótlega. JEES reiknar með að skila tillögu um áfangaskiptingu í þessari viku.

8. Starfsdagur Keflavíkur

Ákveðið var að vera með árlegan fræðsludag fyrir alla þjálfara deilda og stjórnarfólk. Eva Björk og Guðmundur eru að huga að skipulagi fyrir þennan dag. Reiknað er með að halda hann 24. september. Hugmyndin er að vera frá kl. 17:00 – 19:00 í Hljómahöll. Á þessum tíma væri frí á öllum æfingum allra deilda. Framkvæmdastjóra er falið að ganga frá bókun á Hljómahöll og fara yfir fjölda þjálfara og stjórnarfólks. Dagskrá og staðfesting á tímasetningu verður send á deildir innan fárra daga.

9. Íþróttahúsið við Sunnubraut (Blue höllin)

Mikil vinna er búin að eiga sér stað um að Keflavík fái að taka yfir rekstur íþróttahússins. Málið er til skoðunar hjá Reykjanesbæ.

10. Salur 1

Ákveðið var að leigja FS sal 1 hjá okkur undir kennslu. Framkvæmdarstjóra falið að ganga frá samningi við skólameistara FS út skólaárið.

11. Fimleikar og Keilir

Stefnt er að því að salurinn í Keili verði klár fyrir 25. ágúst nk. Fimleikadeildin getur þá hafið æfingar þar á nýju dansgólfi.

12. Taekwondo

Taekwondodeildinni sárvantar keppniskerfi. Deildin er að stefna á að senda tvo keppendur á næstu smáþjóðaleika. Þessi kerfi eru alltaf að hækka og er kerfið komið í ca 7,5 milljónir. Deildin er klár með pening upp í kerfið en vantar mikið upp á. Deildin ætlar að halda nokkur námskeið á næstunni meðal annars í sjálfsvörnum fyrir konur og fl. til að auka fjármagn inn í deildina en óskar eftir aðstoð til að geta keypt kerfið. Framkvæmdastjóra falið að ræða við Reykjanesbæ um að styrk. Aðalstjórn er tilbúin að lána deildinni 4,5 milljón til að deildin geti klárað að kaupa keppniskerfið.

13. Önnur mál

- A. Umræða um félagið í heild sinni og hvernig hægt er að lyfta því á enn betri stall með betri samvinnu allra.
- B. Keflavíkurmessa, verður haldin sunnudaginn 28. september. Aðalstjórn hvetur alla Keflavíkingsa til að mæta í messuna í Keflavíkurfatnaði. Viðburðurinn verður auglýstur þegar nær dregur.
- C. Heiðarskóli, búið er að leggja nýtt parket á íþróttasalinn.
- D. Þorablót og það sem því fylgir. Nefnt hefur verið við Framkvæmdastjóra að kaupa gám til að geyma allt þorablótsdótið. Dótið er núna á nokkrum stöðum en það væri

- betra að hafa allt á einum stað. Þá verður betri yfirsýn yfir það sem er til og þá er hægt að nota geymslur íþróttahússins í annað.
- E.** Frísk i Reykjanesbæ 60 ára og eldri. Það virðist vera sprenging í þátttöku á námskeiðinu. Búið er að óska eftir að fjölga um eitt námskeið hjá okkur og byrja þá kl. 8:30 til 12:00. Námskeiðið verður tvisvar í viku í Keflavík og tvisvar í viku í Njarðvík. 4 hópar í Keflavík og tveir í Njarðvík.
 - F.** Umræða um RKVN, hvort það sé vilji til að finna betra nafn. Framkvæmdastjóra falið að ræða við barna- og unglingaráð.

Fundi lokið kl. 18:40

Næsti fundur verður mánudaginn 25. ágúst kl. 17:00.

Fundinn ritaði Eva Björk Sveinsdóttir.